

Aðalfundur BR 25.06. kl. 17:45

Fundarstjóri: Hrafnhildur Skúladóttir

Fundarritari: Ísak Örn Sigurðsson

Skýrsla stjórnar fyrsta efni aðalfundar. Helgi Bogason, formaður BR, tilkynnti að skýrsla stjórnar lægi fyrir, rakti árið og vék síðan að reikningum félagsins. Ljóst er að nokkuð hefur hallað undan fæti í aðsókn að keppnum félagsins. Vegna þess bíða ærin verkefni nýrrar stjórnar þó að Helgi Bogason telji ekki liggja fyrir hverju sé um að kenna að mætingin hafi verið lakari á síðasta spilaári. Föstudagsbridge, sem var á framkvæmdasviði Bridgefélags Reykjavíkur, var lagt niður um áramótin 2006-07 þar sem taprekstur var umtalsverður og tók Bridgesamband Íslands yfir reksturinn. Rætt var um breytta niðurröðun í mótaskrá næsta árs til að reyna að bæta mætingu félagsmanna. Tilhneiging virðist einnig vera sú að spilarar fari fyrr í sumarfrí en áður. Þrátt fyrir fyrrgreind vandamál, er þó ennþá góður rekstrargrundvöllur á Bridgefélagi Reykjavíkur. Gjaldkeri BR, Ómar Olgeirsson lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Greindi meðal annars frá því að styrkur Reykjavíkurborgar hafi hækkað úr 320.000 í 500.000. Rætt var um leiðir til að auka áhuga á bridge og framgang íþróttarinnar, meðal annars með kennslu í skólum. Fram kom sú skoðun að það sé ekki skynsamlegt að gefa yngri spilurum algjörlega frían aðgang að bridgeiðkun, það hafi hreinlega þveröfug áhrif. Einnig kom fram sú umræða að BR er í hugum fólks frekar mikill samkeppnisklúbbur þar sem hart er barist um sigur í mótum. BR teljist ekki vera mikill "social" klúbbur. Að lokinni umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins voru þau boðin upp til atkvæðis og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Helgi Bogason stakk upp á Ómari Olgeirssyni sem nýjum formanni Bridgefélags Reykjavíkur, þar sem Helgi gefur ekki lengur kost á sér í það embætti. Ómar hlaut samhljóða kosningu allrar fundarmanna. Ísak Örn Sigurðsson sagði sig úr stjórn BR. Sigrún Þorvarðardóttir bauð sig fram úr varastjórn í aðalstjórn og tilboð hennar var samþykkt samhljóða. Í aðalstjórn BR spilaárið 2007-2008 verða því auk Ómars, Sigrún Þorvarðardóttir, Guðný Guðjónsdóttir, Helgi Bogason og Inda Hrönn Björnsdóttir. Í varastjórn Guðjón Sigurjónsson og Ólöf Ólafsdóttir.

Fram kom að félagsgjald BR hafi verið lagt niður og samþykkt var að það verði áfram svo. Engin tillaga kom fram um nýjan heiðursfélaga. Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir aðalfundinn.